

STJÓRNARTÍÐINDI B 110 – 1997

31. desember 1997

1813

Nr. 773

AUGLÝSING

um breytingu á svæðisskipulagi Þingvalla-, Grímsnes- og Grafningshreppa 1995 - 2015, Mýrarkot í Grímsneshreppi.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Grímsneshrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 17. desember 1997 staðfest breytingu á svæðisskipulagi Þingvalla-, Grímsnes- og Grafningshreppa 1995-2015 sem staðfest var 17. desember 1996, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er sú að afmörkun svæðis fyrir sumarbústaðahverfi í landi Mýrarkots í Grímsneshreppi breytist lítillega.

Hreppsnefnd Grímsneshrepps hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytinu, 31. desember 1997.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

31. desember 1997

Nr. 774

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996-2015

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra þann 31. desember 1997 staðfest aðalskipulag Skútustaðahrepps 1996 - 2015.

Skipulagsuppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki sveitarstjórnar Skútustaðahrepps og Náttúruverndar ríkisins, sbr. lög nr. 36/1974, liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Um efnistöku í Jarðbaðshólum gildir áfram 1. mgr. 3. gr. laga nr. 36/1974 sem og á þjónustusvæði (baðaðstöðu) austan þeirra og hefur skipulagi verið frestað á þessum stöðum.

Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Reykjahlíðar með síðari breytingu sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 330/1986.

Umhverfisráðuneytinu, 31. desember 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

B 125

Gutenberg

Endurprentað blað.